

31. fundur

26. október 2017

1002007SA BOH

Málalykill: 16.34

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Skólastjórafélags Íslands**

31. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn fimmtudaginn 26. október 2017 og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu: Svanhildur María Ólafsdóttir og Magnús Þór Jónsson f.h. Sí. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Breyting á kafla 1.4 vegna starfsmanna skólaskrifstofa.

Aðilar eru sammála um að gera eftirfarandi breytingar á kafla 1.4 í kjarasamningi vegna starfsmanna skólaskrifstofa. Breytingarnar taka gildi frá og með 1. nóvember 2017

1.4 STARFSMENN SKÓLASKRIFSTOFA

Sá hluti kjarasamningsins sem á við um starfsmenn skólaskrifstofa er fastlaunasmningur. Starfsmenn skólaskrifstofa fá umsamin mánaðarlaun, alla mánuði ársins, án mats á vinnuframlagi í hverjum mánuði fyrir sig. Þeir fá því ekki greidda tilfallandi yfirvinnu.

Föst laun skulu að öllu jöfnu greidd eftir á, fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Þeir starfsmenn sem við undirritun þessa samnings eru á fyrirfram greiddum launum eiga rétt á að halda því fyrirkomulagi.

1.4.1 Launatafla

Föst mánaðarlaun starfsmanns á skólaskrifstofu sem gegnir fullu starfi, skulu greidd samkvæmt launatöflum í fylgiskjali 3:

Launatafla III, gildistími:	1. júní 2017 til 31. október 2017
Launatafla IV, gildistími:	1. nóvember 2017 til 31. maí 2018
Launatafla V, gildistími:	1. júní 2018 til 31. mars 2019

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum.

1.4.2 Röðun starfsmanna skólaskrifstofa

Grunnröðun starfsmanna skólaskrifstofa sem taka laun skv. þessum kjarasamningi er lfl. 360.

Röðun kennsluráðgjafa og sérkennslufulltrúa fer eftir ábyrgð, menntun, álagi og umfangi í starfi.

Starfsmaður í sveitarfélagi sem hefur valið að raða kennsluráðgjöfum/starfsmönnum skólaskrifstofa skv. grein 1.4.2 hefur rétt til þess að óska eftir röðun skv. gr. 1.4.3 kjósi hann svo. Endanleg ákvörðun er í höndum sveitarfélags.

1.4.3 Röðun starfsmanna skólaskrifstofa - Valkvæður röðunarkafli

Sveitarfélög geta ákveðið að raða starfsmönnum skólaskrifstofa með eftirfarandi hætti og meta með formlegum hætti menntun og starfsreynslu skv. greinum 1.4.3.1 og 1.4.3.2

Kennsluráðgjafi 1 - Launaflokkur 360

Kennsluráðgjafi sinnir ráðgjöf, handleiðslu og stuðningi við kennara, annað starfsfólk skóla og foreldra við að finna leiðir til að mæta þörfum nemenda. Kennsluráðgjafi vinnur ásamt öðrum sérfræðingum og starfsfólki skóla að því að bæta stöðu nemenda sem eru í vanda t.d. fatlaða nemendur, nemendur með annað móðurmál en íslensku og þá sem glíma við félagslega, námslega og/eða hegðunarerfiðleika.

Kennsluráðgjafi er sérfræðingur sem starfar sjálfstætt og stýrir verkefnum. Ábyrgð í starfi er bundin við afmarkaðan þátt eða fag t.d. í einum grunnskóla eða á skólaskrifstofu við afmarkaðan þátt eða fag.

Sjá nánar um verksvið, ábyrgðarsvið og grunnkröfur um starfið í starfslýsingu sem gefin er út af sveitarfélagi.

Kennsluráðgjafi 2 - Í hverfi/þjónustusvæði og/eða á þjónustumiðstöð - Launaflokkur 362

Kennsluráðgjafi sinnir ráðgjöf, handleiðslu og stuðningi við kennara, annað starfsfólk skóla og foreldra, í hverfi/þjónustusvæði við að finna leiðir til að mæta þörfum nemenda. Kennsluráðgjafi vinnur ásamt öðrum sérfræðingum og starfsfólki skóla að því að bæta stöðu nemenda sem eru í vanda t.d. fatlaða nemendur, nemendur með annað móðurmál en íslensku og þá sem glíma við félagslega, námslega og/eða hegðunarerfiðleika.

Kennsluráðgjafi starfar sjálfstætt, stýrir verkefnum og þróar verkefni sem hafa það að markmiði að styðja við starfssemi skóla, stjórnendur, kennara og starfsfólk. Verkefni geta m.a. lotið að þróun skólastarfs, skimunum, bekkjarathugun, almennri kennsluráðgjöf/sérkennsluráðgjöf og stuðningi við innleiðingu verkefna/vinnuaðferða t.d. í anda aðalnámskrár grunnskóla, stefnu skólans, stefnu sveitarfélags o.fl.

Sjá nánar um verksvið, ábyrgðarsvið og grunnkröfur um starfið í starfslýsingu sem gefin er út af sveitarfélagi.

Verkefnastjóri á skólaskrifstofu/fræðsluskrifstofu – Launaflokkur 364

Verkefnastjóri sem starfar sjálfstætt á fagskrifstofu grunnskóla og stýrir og ber ábyrgð á umfangsmiklum verkefnum á sviði kennsluráðgjafar. Hefur yfirumsjón verkefna og getur haft mannaforráð, ber faglega og fjárhagslega ábyrgð og/eða er staðgengill fræðslustjóra

Helstu hlutverk eru undirbúningur stefnumörkunar fyrir skóla- og frístundasvið og/eða sveitarfélag á grundvelli grunnskólalaga og aðalnámskrár grunnskóla. Verkefnastjóri tekur þátt í mati á skólastarfi, veitir stuðning og ráðgjöf og tekur þátt í þróun faglega starfshátta og símenntun kennara. Verkefnastjóri annast úthlutun fjármagns til sérkennslu / styrkveitingum til málaflokksins og kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku. Kemur að skipulagningu símenntunar fyrir stjórnendur og kennara í grunnskólum og aflar faglegra upplýsinga fyrir skóla- og frístundasvið/sveitarfélag ásamt því að stýra og taka þátt í starfshópum.

Sjá nánar um verksvið, ábyrgðarsvið og grunnkröfur um starfið í starfslýsingu sem gefin er út af sveitarfélagi.

1.4.3.1 Viðbótarlaunaflokkur vegna prófa

Hafi starfsmaður á skólaskrifstofu lokið formlegu 60 ECTS eininga prófi (diplóma) á háskólastigi, sem tengist starfi, hækkar hann um einn launaflokk. Viðbótarmentun vegna diplómaprófs samkvæmt ofangreindu er mest metin til eins launaflokks.

Hafi starfsmaður á skólaskrifstofu lokið meistaraprófi á háskólastigi, sem tengist starfi, hækkar hann um tvo launaflokka til viðbótar.

Viðbótarmentun vegna diplóma og meistaraprófs er mest metin til þriggja launaflokka. Einingar eru aldrei tvítaldir.

Hafi starfsmaður á skólaskrifstofu lokið doktorsprófi, sem tengist starfi, hækkar hann um þrjú launaflokka til viðbótar.

Hækkun samkvæmt grein þessari skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námið.

1.4.3.2 Viðbótarlaunaflokkur vegna starfsreynslu

Hafi starfsmaður á skólaskrifstofu 5 ára starfsreynslu sem kennsluráðgjafi og/eða reynslu sem stjórnandi í grunn-, leik-, eða framhaldsskóla hjá ríki eða sveitarfélagi raðast hann einum launaflokki hærra en annars væri, eftir 10 ára starfsreynslu sem starfsmaður á skólaskrifstofu og/eða reynslu sem stjórnandi í grunn-, leik-, eða framhaldsskóla hjá ríki eða sveitarfélagi bætist annar launaflokkur við og eftir 15 ára starfsreynslu sem starfsmaður á skólaskrifstofu og/eða reynslu sem stjórnandi í grunn-, leik-, eða framhaldsskóla hjá ríki eða sveitarfélagi bætist þriðji launaflokkurinn við.

Hækkun samkvæmt grein þessari skal taka gildi næstu mánaðarmót eftir að starfsmaður skilar staðfestum gögnum frá fyrri vinnuveitendum um reynslu sína.

Mat á stjórnunarreynslu úr leik- og/eða framhaldsskólum sem starfa eftir námsskrám sem menntamálaráðuneytið gefur út gildir frá og með 1.ágúst 2011.

Ofangreindar breytingar taka gildi frá og með 1. nóvember 2017. Þrátt fyrir ofangreint munu þessar breytingar ekki leiða til lækkunar launa hjá þeim starfsmönnum sem eru í starfi þann 1. nóvember 2017.

Grein 1.4.3 í núverandi kjarasamningi verður grein 1.4.4.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:15.

Launatafla III: Kennsluráðgjafar og sérkennslufulltrúar			
Gildir frá 1. júní 2017 til 31. október 2017			
	1	2	3
Launaflokkur	Að 34 ára	Frá 35 ára	Frá 40 ára
358	482.861 kr.	498.186 kr.	514.050 kr.
359	495.670 kr.	511.443 kr.	527.771 kr.
360	508.850 kr.	525.089 kr.	541.892 kr.
361	522.421 kr.	539.132 kr.	556.429 kr.
362	536.387 kr.	553.587 kr.	571.388 kr.
363	550.761 kr.	568.463 kr.	586.789 kr.
364	565.555 kr.	583.776 kr.	602.635 kr.
365	580.782 kr.	599.536 kr.	618.944 kr.
366	596.454 kr.	615.757 kr.	635.735 kr.
367	612.586 kr.	632.452 kr.	653.015 kr.
368	630.183 kr.	650.634 kr.	671.797 kr.
369	648.299 kr.	669.345 kr.	691.130 kr.
370	666.944 kr.	688.603 kr.	711.025 kr.
371	686.130 kr.	708.426 kr.	731.501 kr.
372	705.880 kr.	728.830 kr.	752.578 kr.

Launatafla IV:	
Kennsluráðgjafar og	
sérkennslufulltrúar	
Gildir frá 1. nóvember 2017 til 31. maí 2018	
Launaflokkur	
358	514.050 kr.
359	527.771 kr.
360	541.892 kr.
361	556.429 kr.
362	571.388 kr.
363	586.789 kr.
364	602.635 kr.
365	618.944 kr.
366	635.735 kr.
367	653.015 kr.
368	671.797 kr.
369	691.130 kr.
370	711.025 kr.
371	731.501 kr.
372	752.578 kr.

Launatafla V:	
Kennsluráðgjafar og	
sérkennslufulltrúar	
Gildir frá 1. júní 2018 til 31. mars 2019	
Launaflokkur	Laun
358	528.443 kr.
359	542.549 kr.
360	557.065 kr.
361	572.009 kr.
362	587.387 kr.
363	603.219 kr.
364	619.509 kr.
365	636.274 kr.
366	653.536 kr.
367	671.299 kr.
368	690.607 kr.
369	710.482 kr.
370	730.934 kr.
371	751.983 kr.
372	773.650 kr.